

Alþingi
Erindi nr. P 127/601
komudagur 13.1.2002

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI

The National Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Iceland

Öldugötu 2
Pósthólfí 536 • 121 Reykjavík
Sími: 567 0344 • Fax: 567 1101
Netfang: nsa@bahai.is
Heimasíða: www.bahai.is

Reykjavík 13. janúar, 2002

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á kirkjuskipan ríkisins (þskj. 19 – 19. mál, 127. löggjafarþings)

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á kirkjuskipan ríkisins (þskj. 19 – 19. mál, 127. löggjafarþings). Þjóðarráðið fagnar því að lagarammi trúariðkunar landsmanna sé tekinn til umfjöllunar á Alþingi enda er mikilvægt að standa vörð um ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins um trúfrelsi og tryggja að löggjöf stuðli að því markmiði.

Umrætt frumvarp tekur einungis á einum þætti þessa lagaramma það er tengslum ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar. Þessi tengsl hafa tekið miklum breytingum á nýliðnum árum og hefur sjálfstæði kirkjunnar verið aukið. Það sem hér er lagt til er að nú verði stigið lokaskrefið á þessari braut með fullum lagalegum, stjórnunarlegum og fjárhagslegum aðskilnaði ríkis og kirkju. Slíkur aðskilnaður er í samræmi við þróun í öðrum löndum og er að því er virðist í samræmi við vilja fylgjenda þjóðkirkjunnar.

Þjóðarráðið telur ekki rétt að taka afstöðu til þess hvort nú sé rétti tíminn til þess að stíga til fulls það skref að skilja að ríki og kirkju og telur eðlilegra að það verði skoðað í víðara samhengi og að kannað verði hversu vel núverandi lagarammi um trúariðkun landsmanna fellur að fjölmennningarlegu samfélagi samtímans. Íslensk löggjöf þarf að taka fullt tillit til þess að Íslendingar eru ekki allir meðlimir í þjóðkirkjunni og að margir þeirra leita til eigin trúfélags um mikilvæga þjónustu á lykilstundum í lífinu svo sem við nafngift, hjúskap og greftranir.

Ýmis lög eru við það miðuð að allir þegnar þessa lands tilheyri þjóðkirkjunni. Einnig hefur gætt tilhneigingar til þess að ganga út frá því að trúfélög utan þjóðkirkjunnar svipi til hennar hvað innra skipulag varðar. Þannig er þess krafist í

Postal Address:
P.O. Box 536
IS - 121 Reykjavík
ICELAND

Office Location:
Öldugötu 2
101 Reykjavík

Telephone:
(354) 567-0344

Fax:
(354) 567-1101

E-mail:
nsa@bahai.is

Website:
www.bahai.is

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI

The National Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Iceland

Öldugötu 2
Pósthólfí 536 • 121 Reykjavík
Sími: 567 0344 • Fax: 567 1101
Netfang: nsa@bahai.is
Heimasíða: www.bahai.is

lögum um skráð trúfélög sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 1999 að trúfélög sem æskja skráningar útnefni forstöðumann. Slíkt samræmist ekki innra skipulagi bahá'í samfélagsins eins og þjóðarráðið benti allsherjarnefnd á þegar frumvarpið var til umfjöllunar. Hvað þetta mál varðar sérstaklega skal þó tekið fram að dóms-og kirkjumálaráðuneytið hefur sýnt sérstöðu bahá'í samfélagsins mikinn skilning og fundið tímabundna lausn sem tekur á þessum vanda við framkvæmd laganna.

Að lokum vill þjóðarráðið undirstrika mikilvægi þeirrar samfélagslegu þjónustu sem þjóðkirkjan og önnur trúfélög veita. Mikilvægt er því að vel sé vandað til endurskoðunar á lagalegri umgjörð um þessarar starfsemi svo tryggja megi almannahag til framtíðar. Á sama tíma er mikilvægt að ákvæðum aðalnámskrár um almenna trúfræðslu sé framfylgt. Einnig er mikilvægt að Háskóli Íslands efla rannsókn- og fræðslustarf um trúarbrögð og að sú starfsemi fái sjálfstæði frá þeirri þjónustu sem Háskólinn veitir þjóðkirkjunni við menntun presta kirkjunnar.

Með vinsemd og virðingu

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi

Postal Address:
P.O. Box 536
IS - 121 Reykjavík
ICELAND

Office Location:
Öldugötu 2
101 Reykjavík

Telephone:
(354) 567-0344

Fax:
(354) 567-1101

E-mail:
nsa@bahai.is

Website:
www.bahai.is